



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/792**  
**komudagur 5.12.2007**

Reykjavík 4. desember 2007

Tilvísun: 2007110177

50.03

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

## **Umsögn ríkislögreglustjóra um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, þskj. 205**

Ríkislögreglustjórinn hefur haft til umsagnar að beiðni allsherjarnefndar Alþingis frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun. Umsögnin fer hér á eftir.

### I.

#### **Almennt um frumvarpið**

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur m.a. fram að Neyðarlínan hf. hafi verið stofnuð árið 1995, um rekstur vaktstöðvar til að reka neyðarsímsvörun og hafi dómsmálaráðuneytið gert samning við félagið í október 1995 um rekstur vaktstöðvar.

Í fylgiskjali með frumvarpinu er að finna umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarpið. Þar kemur m.a. fram að Neyðarlínan hafi verið rekin sem hlutafélag sem sé að mestu í eigu opinberra aðila og að eignarhlutur ríkisins sé nú liðlega 50%. Núverandi samningur gildi til ársins 2011 og geri frumvarpið ráð fyrir að hann haldi gildi sínu. Þá er vísað til þess að Neyðarlínan eigi hlut í fyrirtæki um fjarskiptakerfi öryggis- og björgunaraðila á landsvísu, svonefnt Tetra-kerfi.

Ríkislögreglustjóri telur mikilvægt, með hliðsjón af eðli starfseminnar, að forræði félagsins sé á hendi íslenska ríkisins.

II.

**Athugasemdir við einstakar greinar**

Ríkislögreglustjóri telur ekki skýrt hvað felist í 4. gr. frumvarpsins, þar sem segir;

„Öllum viðbragðsaðilum er skylt að tengjast vaktstöð samræmdar neyðarsvörunar...”. Sé litið til greinargerðar, segir um 4. gr. að greinin þarfnist ekki skýringa og sé í samræmi við ákvæði 5. gr. núgildandi laga nr. 25/1995.

Í hinni tilvísuðu 5. grein segir:

„Þeim aðilum, opinberum og einkaaðilum, sem sinna neyðarþjónustu á Íslandi, skal skylt að gefa vaktstöð neyðarsímsvörunar hverju sinni upplýsingar um hverjir veiti viðtöku beiðnum um aðstoð af þeirra hálfu ásamt upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er, menntunar- og þjálfunarstig þeirra sem hana veita og tækjabúnað sem tiltækur er. Dómsmálaráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða til hvaða aðila framangreind skylda tekur og nánar um fyrirkomulag á upplýsingagjöfni.“

Í greinargerð með 5. gr. laga nr. 25/1995, kemur fram í athugasemdum að til að tryggja að vaktstöð geti komið tilkynningum um neyð og beiðnum um aðstoð til rétttra aðila og lagt mat á það hvaða aðilar séu í stakk búnir til að veita aðstoð eða sinna málum í hverju tilviki, þurfi vaktstöðin hverju sinni að hafa nauðsynlegar upplýsingar um hverjir veiti viðtöku beiðnum um aðstoð ásamt upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er, menntunar og þjálfunarstig þeirra sem hana veita og tækjabúnað sem tiltækur er.

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra annast stjórnun á öllum útkallsökutækjum lögreglunnar í landinu. Fjarskiptamiðstöðin er beintengd Neyðarlínunni annars vegar og lögregluliðunum hins vegar. Fyrirkomulag þetta hefur reynst vel og ríkislögreglustjóri leggur áherslu á að ekki skapist vafi á hvernig skilja beri ákvæði greinarinnar og að skýrt sé að lagaákvæðinu sé ekki ætlað að breyta því skipulagi sem þegar er á tengingum innan lögreglu og leggur því til að 4. grein frumvarpsins sé skýrð nánar hvað þetta varðar í samræmi við umfjöllun í greinargerð. Þannig tengist öll lögreglan Neyðarlínunni um fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra en ekki einstök lögreglulið.



Haraldur Johannessen / Jónas Ingi Pétursson

